

# Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1055

Dagsetning: 28. janúar 2025 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

**Fundinn sátu:** Helgi Þorsteinsson (HB), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKÞ) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

## Efni fundarins

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 22. janúar 2025 var tekin til umræðu og samþykkt samhjóða.

### 2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

### 3. Samningur við SAK

Rætt var um samning við SAK um þjónustu geðlækna. Samningur var í gildi en hann var tímabundinn og gera þarf breytingar þar sem HH fær ekki fjármögnun fyrir sambærilegum samningi. Ganga þarf frá nýjum samningi með breyttum forsendum.

### 4. Læknamönnun Heimahjúkrunar

Umræður um mönnun lækna í Heimahjúkrun. Framkvæmdastjórn er jákvæð fyrir því að bæta í mönnun en skoða þarf fjármögnun og aðra starfsemi Heimahjúkrunar áður en tekin verður ákvörðun.

### 5. Geðheilbrigðisþjónusta á heilsugæslustöðvum

Rætt var um þá geðheilbrigðisþjónustu sem veitt er á heilsugæslustöðvum. Leiðtogar sálfræðinga hafa verið að fara yfir þjónustuna með stjórnendum stöðva. Vinnan mun halda áfram og verður málið tekið aftur upp í framkvæmdastjórn fljótlega.

## Aðgerðir og verkefni

- Ganga þarf frá samningi um þjónustu geðlækna við SAK, sjá lið 3.  
Ábyrgð: ÍDH
- Fara þarf yfir fjármögnun og rekstur Heimahjúkrunar, sjá lið 4.  
Ábyrgð: RÓE og SKÞ

- Halda þarf áfram yfirferð yfir geðheilbrigðisþjónustu á heilsugæslustöðvum, sjá lið 5.  
Ábyrgð: ÍDH

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:15